

Stefnumótunarvinna

FFA - Lifandi félag

Markmið FFA: Með starfi sínu vill félagið stuðla að ferðalögum um Ísland, einkum Norðurland og greiða fyrir þeim. Jafnframt vill félagið vekja áhuga Norðlendinga á landinu, náttúru þess og sögu og hvetja til góðrar umgengi um náttúruna.

Lykilþættir eru 6: Félagið, ferðir, skálar, nefndir, samfélagsmiðlar og nýjungar.

Félagið	Ferðir	Skálar	Nefndir	Samfélagsmiðlar	Nýjungar
<p>Markmið: Öflugt sjálfboðastarf verði áfram innan félagsins. Að félagið verði lifandi afl í ferðamennsku á svæðinu og í stöðugri endurnýjun. Að allir félagsmenn finni sig alltaf velkomna. Að sem flestir viti af tilurð félagsins og hafi áhuga á að ferðast og starfa með félaginu. Lögð verði áhersla á að ná til yngra fólks til að starfa með félaginu.</p>	<p>Markmið: Að boðið sé upp á fjölbreyttar ferðir t.d. hvað varðar erfiðleikastig, náttúru, sögu, menningu og skemmtun. Lögð verði áhersla á að fá yngra fólk í ferðir, reyna að ná til fjölskyldufólks, unglinga og barna. Að bjóða upp á faglega og metnaðarfulla fararstjórn, fararstjóra sem hafa tilskilda þjálfun. Tryggja öryggi í ferðum eins og kostur er.</p>	<p>Markmið: Að halda áfram mikilvægu starfi í uppbyggingu skála félagsins og nýta skálana vel. Félagið stefnir að því að rekstur skálanna sé sjálfbær og standi undir kostnaði við uppbyggingu, viðhald og rekstur.</p>	<p>Markmið: Öflugur starfi nefnda verði haldið áfram. Þær vinna sjálfstætt og bera ábyrgð á sínu starfi. Að fá nýtt fólk í nefndir og fjölga konum sérstaklega. Nefndamenn skipta með sér verkum þannig að allir hafi hlutverk. Góð samvinna við stjórn og skrifstofu.</p>	<p>Markmið: Öflug og lifandi heima- og facebókarsíða. Vefur FFA sé skipulegur, lifandi og allar upplýsingar séu aðgengilegar. Að félagið sé sýnilegt á sem flestum samfélagsmiðlum.</p>	<p>Markmið: Að allir félagsmenn fái tækifæri til að koma með nýjar hugmyndir um starf félagsins. Þeir geti treyst því að allar hugmyndir fái umræðu og að þeir verði upplýstir um afdrif þeirra. Hver nefnd leitist við á hverjum tíma að finna áhugaverðar nýjungar í starfi FFA og leiti til félagsmanna um það.</p>
<p>Framkvæmd: Stjórn og nefndir.</p>	<p>Framkvæmd: Ferðanefnd, nefnd um barna- og fjölskyldustarf og hreyfihópanefnd</p>	<p>Framkvæmd: Skálanefndir</p>	<p>Framkvæmd: Stjórn og nefndir</p>	<p>Framkvæmd: Skrifstofa, félaga- og kynningarnefnd</p>	<p>Framkvæmd: Stjórn og nefndir.</p>

Endurskoðað og samþykkt af stjórn FFA febrúar 2024.